

**E/S****EINKALEYFASTOFAN**

Skúlagötu 63 IS-150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/918
komudagur 27.2.2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur

Tilvísun yðar:

Tilvísun vor:

Dagsetning:
25.02.2002**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál.**

Vísað er til fundar Iðnaðarnefndar Alþingis með fulltrúum frá iðnaðarráðuneytinu og Einkaleyfastofunni, dags. 25. febrúar 2002, þar sem fjallað var um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál.


Eins og fram kom á fundinum óskaði Einkaleyfastofan eftir því að koma að tilteknum athugasemdum, en þær varða orðalag í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum við þá tillögu að 2. mgr. 66. gr. nógildandi einkaleyfalaga verði felld brott segir að, "Sé umboðsmaður ekki tilnefndur fer um birtingu stefnu eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um birtingu stefnu þegar stefndi á heimili eða aðsetur erlendis, sbr. einkum 89.-91. gr. þeirra."

Það er mat Einkaleyfastofunnar að betra sé að fjalla almennt um birtingu stefnu eftir einkamálalögum nr. 91/1991, hvort sem umboðsmaður hefur verið tilnefndur eða ekki og án nánari tilgreiningar. Setningin yrði þá eftirfarandi, "Um birtingu stefnu fer eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum."

Með bréfi Iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 18. febrúar 2002, var Einkaleyfastofunni sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál. Það skal tekið fram að Einkaleyfastofan gerir ekki aðrar athugasemdir en þær sem að ofan greinir.

Virðingarfyllst,
f.h. Einkaleyfastofunnar,


Lilja Aðalsteinsdóttir.

Sími:
580 9400Bréfasími:
580 9401Kennitala:
650191-2189Afgreiðslutími:
mánudaga - föstudaga kl. 10 - 15